



MOSFELLSBÆR

Alþingi
b.t. nefndasviðs
Kirkjustræti

150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 21.03.2018
nr. erindis 201803196/50.13 uvi

Efni: Umsögn fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 sbr. þingskjal 183-114. mál

Fjölskyldunefnd¹ Mosfellsbæjar, 266. fundur tók frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (þingskjal 183-114. mál) til umfjöllunar á fundi 20. mars 2018 sbr. erindi nefndarsviðs dags. 12. mars 2018. Svohljóðandi bókun var gerð:

Fjölskyldunefnd samþykkir með fjórum atkvæðum að taka undir tillöguna með vísan til meginreglu 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Bókun FFE fulltúa D-lista:

Ég tek undir umsögn Embættis landslæknis um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurn drengja), 114 mál að trúarlegar og menningarlegar hliðar á þessu máli séu svo ríkar, að umskurður á forhúð drengja muni verða framkvæmdur um ófyrirsjáanlega framtíð óháð því hvaða afstöðu heilbrigðiskerfið og samfélagið að öðru leyti mun hafa til þess að leyfa þessa aðgerð. Það er því nauðsynlegt að löggjöf á þessu sviði sé gerð þannig úr garði að umskurður á drengjum valdi ekki barninu skaða.

Hætta er á að umrætt frumvarp muni leiða til þess að þessar aðgerðir muni verða gerðar við aðstæður sem ekki tryggja öryggi þeirra barna sem hér um ræðir. Ég get því ekki stutt frumvarpið eins og það er sett fram.

Virðingarfyllst,
f.h. fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

¹ Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar fer með málefni barna og ungmenna skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002